



ÖRYGGISBLAÐ (msds)

skv. reglug nr. 750/2008 (REACH) og reglug. EB nr. 1272/2008.

Útgáfa: 5.2

Dagsetning: 23. október 2013

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **NTA 92,7% (trínatríum nítrílótríasetat mónóhýdrat)**

CAS# 18662-53-8

1.2. Tilgreind notkun Efnasmíði. Efni á rannsóknarstofum.

1.3. Söluaðili Skeljungur hf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Sími: 444 3000

Tengiliður: msds@skeljungur.is

Veffang: www.skeljungur.is

1.4. Neyðarsímanúmer

Neyðarlínan: 112

Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 [CLP]

Flokkun Bráð eit. 4; H302
Augnert. 2; H319
Krabb. 2; H351

2.2. Merkingaratriði

2.2.1 Merkingar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Hættumerki



Viðvörðunarorð (CLP)

Hættusetningar

Varúð

H302 – Hættulegt við inntöku.

H319 – Veldur alvarlegri augnertingu.

H351 – Grunað um að valda krabbameini.

Varnaðarsetningar

P281 – Notið tilskildar persónuhlífar.

P305+P351+P338 – BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.

2.3. Aðrar hættur

Sjá lið 12.5. fyrir niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB-eiginleikum.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.1 Efni

Heiti	Vörukenni	Magn %	CLP-flokkun (1272/2008)
Trínatríum-nítrílótríasetat mónóhýdrat	CAS#: 18662-53-8 Skrá#: 607-620-00-6 EINECS#: 225-768-6 REACH#: 01-2119519239-36-xxxx	<= 100	Krabb. 2; H351 Bráð eituhrif 4; H302 Augnerting 2; H319

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLPI

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Almennt Leitið lækni. Sýnið þetta öryggisblað.

Eftir innöndun Færið viðkomandi í ferskt loft. Beitið blástursaðferð ef viðkomandi andar ekki. Leitið lækni.

Eftir snertingu við augu Skolið með vatni í a.m.k. 15 mínútur, einnig undir augnlökum. Leitið lækni.

Eftir snertingu við húð Þvoið með sápu og miklu vatni. Leitið lækni.
Eftir inntöku Skolið munn með vatni. Aldrei reyna að koma neinu ofan í meðvitundarlausan einstakling. Leitið lækni.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Einkenni og áhrif Sjá 11. lið

4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Meðhöndlun Engin gögn.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi Vatnsúði, froða, slökkviduft eða koltvísýringur.

5.2. Sérstök hættu af efninu eða blöndunni

Myndefni við bruna Kolefnisoxíð, köfnunarefnisoxíð, natríumoxíð.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Hlífðarbúnaður Notið ferskloftstæki í bruna.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Ráðstafanir Notið persónuhlífar. Forðist rykmyndun. Varist innöndun ryks, gufu, úða og lofttegunda. Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Rýmið svæðið. Sjá 8. lið fyrir upplýsingar um persónuhlífar.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Varúðarráðstafanir Komið í veg fyrir frekari leka ef mögulegt án áhættu. Hindrið að berist í niðurföll.

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Aðferðir við hreinsun Mokið eða dælið í viðeigandi ílát til förgunar. Forðist rykmyndun.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Aðrir liðir Sjá 8. lið fyrir upplýsingar um persónuhlífar.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Meðhöndlun Varist snertingu við húð og augu. Forðist myndun ryks og úða. Tryggið góða loftræstingu.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmaleika

Geymsla Geymið í luktum umbúðum á þurrum, köldum og vel loftræstum stað.

7.3. Sérstök notkun

Sérstök notkun Sjá lið 1.2.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Váhrifamörk í starfi Inniheldur engin efni með tilgreind váhrifamörk í starfi.
DNEL Starfsmaður: Innöndun – langvinn, altæk áhrif: 9,6 mg/m³
Neytandi: Innöndun – skammvinn, altæk áhrif: 2,4 mg/m³
Neytandi: Inntaka – skammvinn, altæk áhrif: 0,9 mg/kg líkamsþyngd/dag
Starfsmaður: Innöndun – langvinn, altæk áhrif: 3,2 mg/m³
Neytandi: Innöndun – langvinn, altæk áhrif: 0,8 mg/m³
Neytandi: Inntaka – langvinn, altæk áhrif: 0,3 mg/kg líkamsþyngd/dag

PNEC Ferskvatn: 0,93 mg/l
Sjór: 0,093 mg/l
Ósamfelld losun: 0,8 mg/l
Skólphreinsistöð: 270 mg/l

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir Tryggið góða loftræstingu. Varist rykmyndun.
Persónuhlífar Viðeigandi staðlar tilgreindir innan sviga.
Til hlífðar öndun Ef loftræsting er ófullnægjandi, notið viðeigandi öndunarbúnað (EN143).
Ráðlögð gerð síu: P3
Til hlífðar höndum Notið hlífðarhanska (EN374).
Efni; þykkt; gegnþrengingartími: Nítrílgúmmi; 0,11mm; 480 mín.
Til hlífðar augum/andl. Öryggisgleraugu með hlífðarvörn (EN166).
Til hlífðar húð Notið viðeigandi hlífðarfatnað.
Til verndar umhverfi Hindrið frekari leka ef mögulegt án áhættu. Hindrið að berist í niðurföll.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand	Kristallað duft
Litur	Hvítur
Lykt	Einkennandi
Lyktarþröskuldur	Engin gögn
pH-gildi	10,6-11,0 (10 g/l; 25°C)
Suðumark	Niðurbrotshitastig
Blossamark	Á ekki við
Uppgufunarhraði	Á ekki við
Eldfimi (fast efni, lofttegund)	Á ekki við
Efri sprengimörk	Engin gögn
Neðri sprengimörk	Engin gögn
Gufuþrýstingur	5,7 hPa (20°C)
Eðlisþyngd gufu (loft =1)	Á ekki við
Eðlisþyngd	1,78 g/cm ³
Vatnsleysni	650 g/l
Deilistuðull n-oktanól/vatn	log Kow -13,2
Glóhitastig	571°C
Niðurbrotshitastig	340°C
Skriðseigja	Á ekki við
Eðlisseigja	Á ekki við
Sprengifimi	Ekki sprengifimt
Oxunareiginleikar	Ekki oxari

9.2 Aðrar upplýsingar

Rúmpyngd	680 kg/m ³
----------	-----------------------

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni	Stöðugt við ráðlögð geymsluskilyrði.
------------	--------------------------------------

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki	Brotnar ekki niður ráðlögð notkunar- og geymsluskilyrði.
-------------	--

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg efnahvörf	Ryk getur myndað sprengifima blöndu við loft.
-------------------	---

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði	Niðurbrotshitastig (>340°C)
------------------	-----------------------------

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni	Oxunarefni, sterkar sýrur og sterkir basar. Ál, kopar.
------	--

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni	Köfnunarefnisoxíð, kolefnisoxíð, natríumoxíð.
----------------	---

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Bráð eiturhrif

Trínatríumnitrílótríasetatmónóhýdrat

LD50	Rotta, inntaka	1300-1600 mg/kg
NOEL	Rotta, innöndun, 4 klst.	5 mg/l
NOEL	Rotta, innöndun, 4 dagar	2 mg/l
LDL0	Kanína, húð	>10000 mg/kg
RD50	Rotta, innöndun, 0,5 klst.	4,25 mg/l
RD50	Mús, innöndun	1,09 mg/l; væg erting

Húðerting/-æting

Væg erting.

Augnerting/-æting

Ertandi.

Innöndun

Engin gögn.

Næming

Ekki næmandi.

Krabbameinsvaldandi áhrif

Grunað um að valda krabbameini.

Stökkbreytandi áhrif

Stökkbreyting í líkamsfrumum.

Stökkbreytandi áhrif

Ekki stökkbreytandi í Ames-prófun.

Erfðaeiturhrif in vitro

- Neikvætt (Ames-prófun; stökkbreytandi hrif (salmonella typhimurium – prófun á bakstökkbreytingum; með eða án efnaskiptavirkjunar) (OECD viðmiðunarreglur um prófanir 471)
- Neikvætt (Ames-prófun; genastökkbreytingar in vitro í frumum spendýra.

Eiturhrif á æxlun

NOAEL Foreldri rotta, inntaka	450 mg/kg (OECD viðmiðunarreglur um prófanir 416)
NOAEL F1 Rotta, inntaka	450 mg/kg (OECD viðmiðunarreglur um prófanir 416)

Aðrir eiturefnafræðilegir eiginleikar

- Eiturhrif við endurtekin váhrif

NOAEL Rotta, inntaka 2 ár, nýru/þvaggfæri	92 mg/kg á dag
NOAEL Kanína, húð 91 dagur	50 mg/kg á dag. Staðbundin erting.
NOAEC Naggrís, innöndun 28 dagar	0,34 mg/l
NOAEC Api, innöndun 28 dagar	0,21 mg/l

Frekari upplýsingar

Upplýsingar um eiturhrif

Lítið frásog um húð.

Ásvelging getur valdið lungnabjúg og bjúgbólgu í lungum.

Inntaka getur valdið ertingu í meltingarvegi með ógleði og uppköstum.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

Bráð eiturhrif

LC50	Fiskur (<i>pimephales promelas</i>), 96 klst.	103 mg/l
LC50	Fiskur (<i>lepomis macrochirus</i>), 96 klst.	298 - 510 mg/l
LC50	Halafær (<i>daphnia magna</i>), 48 klst.	560 mg/l
EC50	Þörungur (<i>desmodesmus subspicatus</i>), 72 klst.	>91,5 mg/l

Langvinn eiturhrif

NOEC	Fiskur (<i>pimephales promelas</i>), 229 dagar	>54 mg/l
NOEC	Fiskur (<i>pimephales promelas</i>), 30 dagar	>60,2 mg/l

12.2. Þrávirgni og niðurbrotanleiki

Lífbrjótanleiki

Tími: 7-28 dagar. Niðurstaða: 75-100% - auðveldlega lífbrjótanlegt.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun

Uppsöfnunar ekki vænst.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki

Efnið er hreyfanlegt í vatnsumhverfi.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

Mat

Efnið er ekki talið þrávirkt, safnast upp í lífverum eða eitrad.

Efnið er ekki talið mjög þrávirkt eða safnast að magni upp í lífverum.

12.6. Önnur váhrif

Önnur váhrif

Engin gögn.

13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Aðferðir

Hindrið að berist í niðurföll. Fargið sérstaklega í samræmi við gildandi lög og reglur.

Evrópska úrgangsskráin

Engum úrgangskóða úthlutað fyrir efnið, þar sem flokkun þess veltur á endanlegri notkun. Úrgangskóði er fundinn út í samráði við yfirvöld á staðnum.

Förgun umbúða

Fargið umbúðum á sama hátt og efninu sjálfu.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Efnið heyrir ekki undir alþjóðlegar reglur um flutninga á hættulegum efnum.

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

15.2. Efnaöryggismat

Efnaöryggismat

Efnaöryggismat ekki gert fyrir efnið.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hættusetningar	H302 – Hættulegt við inntöku. H319 – Veldur alvarlegri augnertingu. H351 – Grunað um að valda krabbameini.
Skammstafanir	ADN: Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum. ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum. DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif. EmS (neyðaráætlun): Fyrri kóðinn vísar til viðeigandi brunaáætlunar og seinni kóðinn vísar til viðeigandi áætlunar vegna efnaleka. IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning. PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð. PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg. REACH: Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni. vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli. LC50: Miðgildisbanastyrkur LD50: Miðgildisbanaskammtur

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Endurskoðun	23. október 2013.
Útgáfa	5.2.
Gert þann	2. maí 2016.
Þýðing og uppsetning	Reynir Hjálmarsson
Heimild	Sigma-Aldrich Chemie GmbH, eurtechserv@sial.com BRENNTAG N.V., www.brenntag.be